

## Klæðasölubúð Guðm. Sigurðssonar

selur ódýrast hjer í bæ:

**FÖT og FATAEFNI, HÁLSLÍN  
og SLAUFUR, VETRARHÚFUR  
o. fl., sem að fatnaði lýtur.**

### Oliver Twist

er heimsfræg skáldsaga, eftir Charles Dickens. Hún fæst nú í vandaðri ísl. þýðingu hjá bóksölu vísvegar um land alt. Góð, hentug og máttulega dýr tækifærisgjöf fyrir unga og fullorðna. Menn hafa sagt um Njálu, að hvað oft sem þeir litu í hana, lærðu þeir eitthvað af henni. Sama má segja um Oliver Twist: hversu oft sem hann er lesinn, finnst nóg til ihugunar og þó til skemmtunar um leið.

Salter's Troop og sittu rólegur þar sem þú ert, þangað til jeg kalla á þig".

(Frh.).

## Proclama.

Hjer með er skorað á alla þá, er telja til skuldar í dánarbúi Víg-lundar Brandssonar frá Nesi í Norðfirði, sem andaðist 11. júlí þ. á., að lýsa kröfum sínum og sanna þær fyrir skiftaráðandanum í Suður-Múlasýslu áður en 6 mánuðir eru liðnir frá síðustu (þriðju) birtingu þessarar innköllunar.

Með sama fresti er skorað á erfingja hins látna, systkini, að gefa sig fram og sanna erfðarjett sinn. Skiftaráðandinn í Suður-Múlasýslu.

Eskifirði. 21. septbr. 1907.

A. V. Tulinius.

## Proclama.

Hjer með er skorað á alla þá, er telja til skuldar í dánarbúi Einarssonar frá Stuðlum í Norðfirði, sem ljest 30. apríl þ. á., að lýsa kröfum sínum og sanna þær fyrir skiftaráðandanum í Suður-Múlasýslu áður en 6 mánuðir eru liðnir frá síðustu (þriðju) birtingu þessarar innköllunar.

Skiftaráðandinn í Suður-Múlasýslu.

Eskifirði. 21. septbr. 1907.

A. V. Tulinius.

**SAMKVÆMT** fyrirmælum 21. gr samnings okkar og fjelaga okkar við bæjarstjórn Reykjavíkur um einkaleyfi til þess að stofna og starfrækja gas- og rafmagnsstöðvar í Reykjavík, dags. 17. júlí þ. á., auglýsist hjer með, að þeir, sem vilja nota forgangsriett þann, er tjeð grein samningsins veitir Íslendingum til þess að skrifa sig fyrir alt að helmingi hlutafjár fjelags, sem í ráði er að stofnað verði til þess að koma ofangreind-

um fyrirtækjum í framkvæmd og eignast einkaleyfið, geta gefið sig fram við meðundirritaðan yfir-jettarmálaflutningsmann, Eggert Claessen, innan 4 vikna frá síðustu (þriðju) birtingu þessarar auglýsingar. — Upphæð hlutanna verður 250 kr., 500 kr. og 1000 kr., og skulu þeir greiddir fyrir 1. janúar næstkomandi.

Reykjavík 9. október 1907.

Thor Jensen.

49— Eggert Claessen.

### Firma-tilkynning.

Samkvæmt lögum nr. 42 frá 13. nóvember 1903 hefur neðangreint firma verið tilkynnt til innfærslu í verslunarskrá Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

Hlutafjelagið »Bændaverslunin Einar Markússon & Co.« rekur verslun og fiskiveiðar í Ólafsvík í Neshreppi innan Ennis. Samþykktir dags. 16. febrúar 1907. Höfuðstóll 100,000 kr., er skiftist í 1000 hluti, sem hljóða á handhafa. Hlutafjeð greiðist strax. Stjórn fjelagsins: Lárus Jónasson, Jón Ásgeirsson, Sigurbjörn Guðleifsson, allir í Ólafsvík, Hallbjörn Þorvaldsson, Gröf, Bjarni Sigurðsson, Brimilsvöllum. Aukameðlimur stjórnarinnar og framkvæmdarstjóri fjelagsins Einar Markússon, Ólafsvík. Hver einstakur meðlimur stjórnarinnar hefur rjett til að rita firma fjelagsins með framkvæmdarstjóra, en í öllum verslunarrekstri undirskrifar hann einn. Auglýsingar til fjelagsmanna á þann hátt, er stjórnin ákveður.

Skrifstofu Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

4. október 1907.

G. Eggerz  
(settur).

### Uppboðsauglýsing.

Eftir kröfu Einarssonar cand. jur. fyrir hönd sira Lárusar Benediktssonar, að undangengnu fjárnami 17. f. m., verður húseignin nr. 17 A. við Skólavörðustíg hjer í bænum, eign Sveinbjarnar Ingimundssonar, boðin upp á 3 opinberum uppboð-

um, sem haldin verða miðvikudagana 16. og 30. þ. m. og 13. n. m., hin fyrstu tvö kl. 12 á hádegis á skrifstofu bæjarfógeta, hið síðasta á húseigninni sjálfri, kl. 1 síðd., og verður eignin þá seld til lúkningar á veðskuld 2623 kr. 22 au. með vöxtum og kostnaði.

Söluskilmálar, veðbókarvottorð og önnur skjöl snertandi söluna,

verða til sýnis hjer á skrifstofunni dagana fyrir fyrsta uppboðið og úr því.

Bæjarfógetinn í Reykjavík,  
8. október 1907.

Halldór Danielsson.

Þeir kaupendur »Lögr.«, sem hafa skift um bústað, eru beðnir að gera advart um það á afgreiðslunni.

## J. P. T. BRYDE'S-VERSLUN í Reykjavík

**kunngjörir** heiðruðum viðskiftamönnum sínum hjer í bænum og vísvegar um land alt, að nál. miðjum nóv. næstk. verður hinni miklu breytingu og stórkostlegu umbót á verslunarhúsunum lokið, bæði úti og inni. Verslunin verður því að þeim tíma liðnum rekin með fullkomnasta og hentugasta fyrirkomulagi og eftir nýjustu tisku. Sjerstök áhersla verður lögð á það, að vörurnar verði **tjölbreyttar, vandaðar og góðar**, en þó svo **ódýrar**, sem kostur er á. Versluninni verður skift í deildir, en þó þannig, að menn geti gengið óhindrað á milli deildanna, sem allar verða hver við hliðina á annari í sama húsinu, svo menn þurfa eigi að hrekjast úr einu húsi í ennað til að leita að því, sem þeir þurfa að kaupa. Ferðamenn geta fengið **ókeypis hesthús** til afnota, sem rúmar um 30 hesta, og einnig ágætt herbergi fyrir farangur sinn, og er það jafnframt ætlað þeim til að matast og hvílast í, ef þeir vilja.

Öll verða verslunarhúsin uppljómuð með **25 Lux-lampaljósum** og **miðstöðvarhitun** verður í **skrifstofum og öllum deildum verslunarinnar**.

Hjer verður ekkert til sparað til þess að gera viðskiptamönnum viðskiptin svo þægileg, reglubundin og góð, sem frekast verður á kosið.

## Tækifæriskaup!

Af sjerstöðum ástæðum er til sölu nýlegt hús í miðbænum fyrir afarlágð verð, (selst 2000 kr. fyrir neðan virðingarverð). Borgunarskilmálar ágætir. Húsið er mjög hentugt fyrir betri fjölskyldu, með vatnsleiðslu og lokræsi.

Sömuleiðis fylgir húsinu gott útihús. Kaupin verða að gerast fyrir 1. nóv. þ. á.

Semjið við:

**JÓNAS H. JÓNSSON,**  
**KÁRASTÖÐUM,** (TALSÍMI 195),

NB. sem hefur þar að auki hús af ýmsum stærðum fyrir mjög sanngjarnt verð, svo og byggingarlóðir á góðum stöðum í bænum.

## Hlutafjelagið „GRÆÐIR“,

stofnað á fundi 28. sept. 1907. Stjórn: Sigurður Jónsson, Görðum, Þorsteinn J. Sveinsson, Þorsteinn Þorsteinson, Bakkabúð. Tilgangur fjelagsins er að stunda fiskiveiðar. Hlutafje 110,000 kr. Hvert hlutabryf á 100 kr. Enn er nokkuð af hlutabryfum óselt. Menn geta skrifað sig fyrir hlutum á þessum stöðum:

Hjá Sigurði Jónssyni, Görðum,  
— Þorsteini J. Sveinsyni, Bakkastíg 9,  
— Þorsteini Þorsteinssyni, Bakkabúð,  
— Sveini Björnssyni, Kirkjustræti 10, og  
í **Íslandsbanka**, Austurstræti